

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING 2013

Alda sjóðir hf. er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða. Félagið ber einnig enska heitið Alda Asset Management. Starfsemi fjármálafyrirtækja hefur mikla þjóðhagslega þýðingu og gerðar eru ríkar kröfur til stjórnarhátta þeirra. Ber þeim að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og í því skyni skulu fjármálafyrirtæki birta árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti í sérstökum kafla í ársreikningi eða ársskýrslu og gera grein fyrir stjórnarháttum sínum á vefsíðu fyrirtækisins og birta þar yfirlýsingu um stjórnarhætti sína.

Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gefa út Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Með stjórnháttayfirlýsingu þessari er félagið að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki og er hún unnin samkvæmt framangreindum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Stjórnháttayfirlýsing þessi skal aðgengileg á vefsíðu félagsins.

1. *Tilvísanir í þær reglur um stjórnarhætti sem félagið fylgir eða ber að fylgja samkvæmt lögum og hvar slíkar reglur eru aðgengilegar almenningi.*

Stjórn Alda Asset Management (hér eftir einnig „Alda“) starfar eftir starfsreglum samkvæmt 4. útgáfu um stjórnarhætti fyrirtækja, eftir leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq OMX á Íslandi. Tilgangur reglnanna er að tryggja skilvirkni í starfsemi stjórnar og rétta meðferð allra mála innan fyrirtækisins, en leiðbeiningar þessar eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs, www.vi.is. Jafnframt starfar Alda á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingasjóði. Fyrirtækið er með starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og lýtur eftirliti þess, eins og lög gera ráð fyrir, en yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Starfsleyfi Öldu tekur til reksturs verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu skv. 7. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga um um fjármálafyrirtæki. Helstu upplýsingar um Alda Asset Management, starfshætti og reglur, er að finna á heimasíðu félagsins www.aam.is.

2. *Hvort félagið víki frá hluta leiðbeininganna eða beiti engum ákvæðum þeirra. Greina skal frá ástæðum frávika og þeim úrræðum sem gripið var til í stað þeirra.*

Vegna smæðar og þar sem Alda Asset Management hf. er ekki skráð í kauphöll víkur félagið frá ýmsum ákvæðum reglnanna. Þar á meðal eru að aðalfundur er boðaður með tveggja vikna fyrirvara. Stjórn setur ekki skriflegar reglur um siðferði og samfélagslega ábyrgð félagsins. Ekki er til skrifleg starfslýsing stjórnarformanns Alda Asset Management. Stjórn starfrækir ekki undirnefndir.

3. Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits og áhættustýringu félagsins.

Stjórn Öldu ber ábyrgð á áhættustýringu og innra eftirliti, en einnig að fylgjast með virkni þessa þátta í rekstri félagsins. Slíku kerfi var komið á strax við stofnun félagsins til að bera kennsl á og takmarka áhættu í rekstri þess, ásamt því að gera upplýsingagjöf og uppgjör áreiðanlegri. Það tryggir Alda þó hvorki algerlega gegn rangri upplýsingagjöf né mögulegu tapi. Stjórn Alda setur sér ýmsar innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar á meðal áhættustefnu, lausafjárstefnu og reglur um starfsemi stjórnar. Markmið kerfisins er að bera kennsl á og takmarka áhættu í rekstri félagsins, ásamt því að gera upplýsingagjöf og uppgjör áreiðanlegri. Með áhættustefnu er mörkuð stefna og verkferlar um áhættustýringu. Í henni er greind öll áhætta sem tengist starfsemi félagsins. Einnig er þar að finna reglur hvernig félagið hyggst kanna og meta innra matsferli Öldu fyrir eiginfjárförf (ICAAP). Í því sambandi hefur m.a. verið skilgreint og lagt mat á áhættu Öldu. Stefnan er sett með hliðsjón af starfsemi félagsins sem rekstrarfélag verðbréfasjóða og metur meðal annars orðsporsáhættu, réttaróvissu, lausafjárahættu og aðrar áhættur sem við eiga.

Alda Asset Management hefur sett sér reglur til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og umboðsvanda. Starfsreglum stjórnar er ætlað er að tryggja jafnræði við meðferð mála fyrir stjórn, vandaða og óháða málsmeðferð og að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfseminni. Þá hefur félagið sett sér reglur um viðskipti starfsmanna en markmið þeirra er að stuðla að óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum og sjóðum í rekstri félagsins, koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, tryggja óhæði starfsmanna og trúnað og trúverðugleika.

Alda sjóðir hafa útvistað verkefnum og stoðþjónustu samkvæmt skriflegum samningum í samræmi við viðeigandi ákvæði laga og reglugerða. Regluvörslu er útvistað til Kvasir lögmannna, sbr. leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2011 um um stöðu og verksvið regluvörslu fjármálafyrirtækja. Innri endurskoðun annast Endurskoðun og ráðgjöf ehf. sbr. leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2003 varðandi undanþágu frá starfrækslu endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtæki. Ytri endurskoðun félagsins annast KPMG hf.

4. Gildi félagsins, siðferðisviðmið og stefna um samfélagslega ábyrgð.

Gildi félagsins hafa ekki verið skilgreind í þaula umfram það að félagið skili arðsemi og hafi hag eigenda hlutdeildarskírteina að leiðarljósi við stýringu sjóða. Þá eru ekki til skriflegar siðareglur eða stefna um samfélagslega ábyrgð.

5. Lýsing á samsetningu og starfsemi stjórnar, framkvæmdastjórnar og undirnefnda stjórnna.

Stjórnarmenn Alda Asset Management þrír og eru varamenn jafnmargir. Meirihluti stjórnarmanna er óháður og eru kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn Alda Asset

Management fundar að jafnaði mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður starfskjör hans og veitir prófkúruumboð. Stjórnin starfar í samræmi við lög, reglur og starfsreglur stjórnar. Markmið starfsreglna er að útfæra nánar fyrirmæli um störf og verkefni stjórnar félagsins til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og tryggja óhlutdrægni og jafnræði gagnvart viðskiptavinum við meðferð og afgreiðslu mála. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu gæta þess vandlega að hagsmunir viðskiptavina séu virtir og fullur trúnaður ríki gagnvart þeim. Þeir skulu jafnframt kappkosta að fyllsta trúverðugleika félagsins sé gætt og að tryggt sé að viðskiptin séu lögum samkvæmt. Stjórnin hefur engar undirnefndir.

Starfsreglur stjórnar og samþykktir félagsins má finna á heimasíðu þess www.aam.is.

6. Stjórnarmenn Alda Asset Management

Stjórn Alda Asset Management skipa: Dr. Birgir Örn Arnarson, formaður stjórnar, fæddur 1. mars 1971, Head of Market Risk Analytics hjá Zurich Insurance Group. Dr. Óli Grétar Blöndal Sveinsson, fæddur 17. febrúar 1972, framkvæmdastjóri hjá Landsvirkjun, og Egill Þór Sigurðsson, fæddur 25. maí 1958, framkvæmdastjóri.

Með hliðsjón af eftirlitshlutverki stjórnar fjármálafyrirtækis er mikilvægt að meirihluti stjórnarmanna sé óháður og jafnframt tryggð mikilvæg fjölbreytni og þekking innan hennar. Samkvæmt skilgreiningu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja teljast allir stjórnarmenn óháðir nema dr. Birgir Örn Arnarson sem fer með 8% hlutfjár í Alda Asset Management

7. Helstu þættir í árangursmati stjórnar.

Hluti af starfi stjórnar er umfjöllun og greining á rekstrarárangri félagsins og áföngum í uppbyggingu þess. Stjórn félagsins fer yfir þessa þætti með reglubundnum hætti. Með árlegu árangursmati á störfum stjórnar, sbr. leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, er mögulegt að bæta vinnubrögð, auka skilvirkni og leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum. Með því má huga að að því sem betur má fara og styrkja það sem vel hefur unnist.

8. Upplýsingar um framkvæmdastjóra félagsins sbr. liður 4, og lýsing á helstu skyldum hans.

Þórarinn Sveinsson, kt. 260667-5059, hefur verið framkvæmdastjóri Alda Asset Management frá stofnun. Hann hefur lokið kandidatsprófi í verkfræði frá verkfræðideild Háskóla Íslands, meistaraprófi frá verkfræðideild Massachusetts Institute of Technology og er löggiltur verðbréfamiðlari. Þórarinn starfaði áður hjá Kaupþingi og Samskip. Þórarinn á 8% hlutfjár Alda Asset Management. Þórarinn fer með ráðandi hlut í Alecia ehf. sem á 48% hlutfjár í Alda Asset Management.

Samkvæmt samþykktum Alda Asset Management fer framkvæmdastjóri með stjórn á daglegum rekstri félagsins.

9. *Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað.*

Engir dómar fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um fjármálafyrirtæki eða löggöf um hlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi hafa fallið á Alda Asset Management.

10. *Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar.*

Á aðalfundum er farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.

Þannig samþykkt í Stjórn Alda Asset Management þann 3. júní 2013


Óli L. D. Sveinsson